

GJALDSKRÁ

um meðhöndlun úrgangs í Bláskógabyggð.

1. gr.

Heimild.

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt ákvæðum 11. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og 59. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum, að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar. Hún er í samræmi við samþykkt nr. 37/2010 um meðhöndlun úrgangs í Bláskógabyggð.

2. gr.

Sorphirðugjald.

Innheimta skal sorphirðugjald af öllu íbúðarhúsnæði í Bláskógabyggð samkvæmt eftirfarandi álagsgrunni. Sorphirðugjaldið er samsetning af grátunnu, blátunnu og græntunnu og miðast við stærð þeirra íláta og losunartíðni hjá viðkomandi íbúðarhúsnæði.

<i>Ílátastærð</i>	<i>Grátunna</i>	<i>Blátunna</i>	<i>Græntunna</i>
240 l ílát	17.582 kr.	4.691 kr.	4.691 kr.
660 l ílát	35.144 kr.	9.374 kr.	9.374 kr.
1.100 l ílát	52.706 kr.	14.058 kr.	14.058 kr.

Grátunna: söfnun á 21 daga fresti.

Blátunna: söfnun á 42 daga fresti.

Græntunna: söfnun á 42 daga fresti.

3. gr.

Sorpeyðingargjald.

Innheimta skal sorpeyðingargjald af öllu húsnæði í Bláskógabyggð, íbúðarhúsnæði, frístundahúsnæði og atvinnuhúsnæði. Sorpeyðingargjaldið skal vera í samræmi við áætlað magn heimilisúrgangs, annars en garðaúrgangs, timburs og spilliefna, sem til fellur hjá viðkomandi húsnæði á ársgrunni ásamt umsýslukostnaði vegna þess.

Íbúðarhúsnæði	21.028 kr.
Frístundahúsnæði	18.436 kr.
Lögbýli	12.882 kr.
Atvinnuhúsnæði	47.577 kr.

Fyrirtæki, lögbýli eða frístundahúsafélög sem afsetja rekstrarúrgang á móttökustöðvum eða nýta þjónustu verktaka vegna hirðingar og eyðingu úrgangs vegna atvinnureksturs skulu greiða móttökugjald á móttökustöð eða verktaka fyrir þá þjónustu. Gjaldtaka á móttökustöð eða gjaldtaka þjónustuverktaka er ekki hluti af gjaldi sveitarfélagsins skv. þessari grein.

4. gr.

Gjaldtaka á móttökustöð.

Gjaldtaka á móttökustöð miðast við m³ þess úrgangsmagns sem afsett er. Allur úrgangur er gjaldskyldur við afsetningu nema brotamálmar og úrgangur sem ber úrvinnslugjald Úrvinnslusjóðs. Húsráðanda er heimilt að afsetja heimilisúrgang allt að 0,25 m³ án gjaldtöku. Gjaldtakan er að lágmarki 0,25 m³ og hleypur á 0,25 m³ eftir það.

Móttökugjald á einn m³ 5.700 kr.

5. gr.

Gjaldtaka þjónustuverktaka.

Gjaldtaka þjónustuverktaka gagnvart frístunda- eða atvinnuhúsnæði í beinum samningum milli þessara aðila skal taka mið af verksamningi milli þjónustuverktaka og sveitarfélagsins, þannig að einingarverð sé aldrei hærra en verksamningur tilgreinir.

6. gr.

Samþykki og staðfesting.

Gjaldskrá þessi var samþykkt á fundi sveitarstjórnar Bláskógabyggðar 7. desember 2017 og staðfest af heilbrigðisnefnd Suðurlands 15. desember 2017. Gjaldskráin gildir frá birtingu hennar í B-deild Stjórnartíðinda. Frá sama tíma fellur úr gildi gjaldskrá nr. 1206/2016 fyrir sorphirðu og meðhöndlun úrgangs í Bláskógabyggð.

Bláskógabyggð, 15. desember 2017.

Valtýr Valtýsson sveitarstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 3. janúar 2018